

AUGLÝSING

um framlengingu banns við innflutningi frá Belgíu og Þýskalandi og bann við innflutningi frá Ítalíu vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá belgískum og þýskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu Avian Influensu, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur ekki greinst á Íslandi, er bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Belgíu og Þýskalandi, sbr. auglýsingu nr. 443/2003 framlengt til mánudagsins 25. ágúst 2003.

Þar sem Avian Influensa hefur komið upp á Ítalíu er jafnframt sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Ítalíu er gildir til 25. ágúst 2003.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 25. ágúst 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. júlí 2003.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.